



Vellir 14 og 15 eru í Garðinum – Hvar er hann?

- **ATH.** að völlum 14 og 15 eru í Íþróttamiðstöðinni í Garði sem er í 10 min. akstursfjarlægð frá Sunnubraut. Vellir 14 og 15 eru jafnframt stærstu vellirnir á Nettómótinu. Íþróttamiðstöðin er á hægri hönd við Garðbraut, fljótlega eftir að ekið er inn í sveitarfélagið Garð. Einnig verður hægt að fara í sund í Íþróttamiðstöðinni í Garði.

Rútur / Skutlur – Vantar ykkur far ?

- Símanúmer á 9 manna bílunum sem eru reiðubúnir að skutla hvert sem er og hvenær sem er eru: **863-0571** og **863-0572**.
- Rútur ganga frá keppnisstöðum til og frá bíó.
- Bíómyndir sem sýndar verða;
 - 5 – 7 ára **Vaian**
 - 8 – 10 ára **Rock Dog**

Bílastæði – Vinsamlegast leggið löglega

- Við viljum benda á stór bílastæði bæði fyrir ofan Fjölbrautaskóla Suðurnesja og fyrir neðan Sundmiðstöðina vegna fólksfjölda á verðlaunaafhendingu og kvöldvöku.
- **Vinsamlegast leggið löglega við Íþróttamannvirki og skóla. Það hefur komið fyrir að lögreglan sekti þá sem leggja ólöglega.**

Mikilvægar tímasetningar

- Vatnaveröldin er opin til **kl. 19:00** á laugardeginum og til kl. **17:00** á sunnudag.
- Reykjaneshöllin er opin til **kl. 19:00** á laugardag og **14:30** á sunnudag.
- Kvöldvakan byrjar **kl. 20:30** í íþróttahúsinu við Sunnubraut og lýkur **21:30**
- Verðlaunaafhendingin hefst **kl. 15.45** í íþróttahúsinu við Sunnubraut

Kvöldhressing & morgunmatur fyrir alla næturgesti

- Morgunmatur er í matsal Fjölbautaskóla Suðurnesja frá **kl. 7:00 – 10:00** fyrir keppendurr, þjálfara og liðsstjóra sem gista á gististöðunum; Heiðarskóla, Holtaskóla, Myllubakkaskóla og Njarðvíkurskóla.
- Skúffukaka og mjólk verður í boði fyrir næturgesti á gististöðunum: Heiðarskóla, Holtaskóla, Myllubakkaskóla og Njarðvíkurskóla

Pizzuveislan á sunnudag

- Pizzuveislan á sunnudeginum er frá **kl. 11:00 – 14:00**. Við viljum benda þeim liðum sem eiga leik kl.14:00 og 14:30 að vera búin að fara í pizzuna fyrir síðasta leikinn, svo hægt sé að fara beint í verðlaunaafhendingu **kl. 15:45**.

Hnetur eru bannaðar á Nettómótinu 2017

- **ATH.** að a.m.k. 2 keppendur á mótinu eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum og því viljum við biðja foreldra á að passa upp á að vera ekki með nesti eða nasl sem inniheldur hnetur.

Liðstjórar og ábyrgðamenn liða þurfa að vera a.m.k. 18. ára

- Mikilvægt er að ábyrgur aðili fylgi hverju liði. Ábyrgðaraðili yfir börnum sem gista þarf að hafa náð 18 ára aldri.

Gisting og gististaðir

- Upplýsingar um hvar lið gista munu verða settar inn á heimasíðu mótsins <http://nettomot.blog.is> þegar þær liggja fyrir. Yfirleitt liggja þessar upplýsingar endanlega fyrir á föstudegi en það fer þó eftir því hversu greiðlega gengur að fá upplýsingar frá liðunum um gistingu. Lið af landsbyggðinni sem koma á föstudagskvöldinu gista þó að öllu jöfnu í Holtaskóla.
- **Mikilvægt er að vel sé gengið um skólana og stofum sé skilað í því ástandi sem komið var að þeim.**

Liðsmyndataka SportHero í boði Nettó

- Nettó býður öllum keppendum og aðstandendum að koma í **liðsmyndatöku** í anddyri íþróttahússins við Sunnubraut (TM Höllin) og geta keppendur nálgast liðsmyndirnar af heimasíðu Sport Hero sér að kostnaðarlausu eftir mótið.
 - Á laugardag mæta **Grindavík, Haukar, Keflavík, Njarðvík og Stjarnan.**
ATH. að liðsmyndatakan á laugardag hefst kl. 12.00
 - Á sunnudag mæta **Álftanes, Ármann, Breiðablik, Fjölnir, Fsu, Hamar, Höttur, ÍA, ÍR, KR, Laugdælir, Sindri, Skallagrímur, Snæfell, Valur, Vestri, Þór Akureyri og Þór Þorlákshöfn**

Verðlaunaafhending/lokaathöfn Sunnudag

- Verðlaunaafhendingin hefst **kl. 15.45** í íþróttahúsinu við Sunnubraut
- Öll félög eru hvött til að koma með fána síns félags fyrir verðlaunaafhendinguna.
- Framkvæmd verðlaunaafhendingar (sjá mynd)

